

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðs-stjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskipta-hátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjör-um en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgana-laus fyrst í stað, allt eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengis-ákvæði.

Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til til-tekinnna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxta-mismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og megin-mál 1. og 3. gr. laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðn-lánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.